

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Lífsbrú.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífsbrú og starfar skv. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá, nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang sjóðsins er Katrínartún 2, 105 Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að vinna að sjálfsvígsforvörnum, í samræmi við samþykktu aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi. Þetta verður gert með því að velja, þróa og innleiða; verklag, fræðsluefni og leiðbeiningar til að nota á öllum stigum forvarna. Markmiðum verður einnig náð fram með þarfagreiningu, endurskoðun verkferla, vitundarvakningu og símenntun. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða aðgerðir eða verkefni eru styrkt af sjóðnum.

4. gr.

Stofnandi.

Stofnandi sjóðsins er embætti landlæknis, kt. 710169-5009.

5. gr.

Stofnfé og tekjur.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.480.000, sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt. Tekjur sjóðsins eru framlög fyrirtækja, stofnana, sjóða og einstaklinga.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í sjóðnum.

6. gr.

Stjórn.

Landlæknir, fyrir hönd stofnanda, tilnefnir þrjá einstaklinga í stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Jafnframt skulu við tilnefningu á aðalmönnum í stjórn tilnefndir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Boða skal til stjórnarfundar með tryggilegum hætti og með minnst þriggja daga fyrirvara. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Verkefni sjóðsins.

Stjórn sjóðsins veitir fjármagni til einstakra verkefna í samráði við fagrað embættis landlæknis um sjálfsvígsforvarnir. Verkefnin eru unnin af sérfræðingum stofnanda eða af öðrum fagaðilum sem stjórnin velur.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 6. október 2023,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.